

**Ed.**

**499. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfjelaga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frumvarp þetta.

Gagnstætt minni hluta nefndarinnar, sem vill láta samþykkja frumvarp þetta óbreytt, leggjum við til, að gerð sje á því allveruleg efnisbreyting.

Pegar svo stendur á, að erlent váttryggingarfjelag rekur hjer einhverja tryggingarstarfsemi, sem ekkert innlent váttryggingarfjelag fæst við eða því er

með öllu ókleift að leysa af hendi, svo sem háttað er með líftryggingarfjelög-  
in og ýms önnur, þá virðist okkur það varhugavert, að takmarkalaus útsvars-  
skylda sje á það lögð. Teljum við, að af slíku gæti leitt annaðhvort að iðgjöld-  
in yrðu hækkuð eða þá að fjelög þessi, eitt eða fleiri, hættu starfsemi sinni  
hjer. En hvort af þessu tvennu sem yrði, mætti telja til tjóns, bæði fyrir ein-  
staklinga og þjóðarheildina.

Öðru máli virðist vera að gegna með þau váttryggingarfjelög, sem skoða  
má sem keppinauta innlendra váttryggingarfjelaga, svo sem hin ýmsu sjóváttrygg-  
ingarfjelög. — Sjóváttryggingarfjelag Íslands má ætla að gæti, ef í harðbakka  
slægi, fullnægt þörfum landsmanna fyrir sjóváttryggingar. Og væri þá enginn  
skaði skeður, þótt hin erlendu fjelög minkuðu starfsemi sína hjer á því sviði  
eða jafnvel hættu henni með öllu.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu, ber það með sjer, að flutn-  
ingsmenn þess hafa aðallega haft sjóváttryggingu fyrir augum, er þeir báru  
frumvarpið fram. Og við verðum að viðurkenna, að hið háa útsvar, er sjóvát-  
tryggingarfjelag Íslands ber hjer í bænnm, hlýtur að veikja krafta þess í sam-  
kepninni við hin erlendu fjelög, sem hjer hafa verið útsvarsfri. Álits borgar-  
stjóra Reykjavíkur um frumvarp þetta hefir verið leitað, og hefir hann ritað  
allsherjarnefnd Nd. um það allitarlegt brjef, er við leyfum okkur að láta  
prenta sem fylgiskjal hjer með, með því að við erum borgarstjóra samdóma  
um flest það, er hanu segir þar.

Við hefðum gjarnan óskað að eiga tal um þetta mál við forstjóra sjó-  
váttryggingarfjelags Íslands. En þess hefir ekki verið kostur, af því að hann er  
nú sem stendur fjarverandi.

Af framangreindum ástæðum leyfum við okkur að leggja til, að hin  
háttvirta deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

#### BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. (1. málsgr.). Í stað orðanna »erlend tryggingarfjelög .... opin-  
berum gjöldum« komi: erlend sjóváttryggingarfjelög.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna »þegar gildi« komi: gildi 1. janúar 1925.
3. — fyrirsögn. Í stað orðanna »útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfje-  
laga« komi: útsvarsskyldu erlendra sjóváttryggingarfjelaga.

Alþingi, 30. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Eggert Pálsson,  
fundaskr., frsm.

## Fylgiskjal.

### BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. apríl 1924.

Eftir ósk háttvirtrar allsherjarnefndar leyfi jeg mjer að fara nokkrum orðum um frumvarp til laga um útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfjelaga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Eftir eðli sínu virðist rjett, að öll váttryggingarfjelög, sem reka starfsemi hjer á landi, gjaldi útsvar til bæjar- eða sveitarsjóðs, en með því að svo er ástatt, að enn eru ekki til innlend fjelög, sem geta tekist á hendur allar þær margskonar váttryggingar, sem koma til greina, þykir mjer varhugavert að heimilað verði að leggja alment, ótakmarkað útsvar á erlendu fjelögin, því að þessi fjelög munu í heimkynnum sínum greiða útsvar, einnig af starfsemi sinni hjer. Skatturinn yrði tvöfaldur og mundi þá geta komið til greina, að iðgjöld hækkuðu, en fremur ber þó að keppa að hinu, að iðgjöld fyrir hverskonar váttryggingar geti lækkað.

Ef litið er á brunabótarfjelög, þá vil jeg geta þess, að mjer hefir nýlega tekist með samningum við sambandsfjelag allra slíkra fjelaga, sem hjer starfa, að fá iðgjöld fyrir lausafje lækkuð um  $12\frac{1}{2}\%$  hjer í borginni, og það er ekki vonlaust, að með framhaldandi samningaumleitunum megi takast að fá frekari lækkun, ef til vill einnig fyrir önnur hjeruð landsins. Verði nú lögleidd ótakmörkuð útsvarsskylda fyrir fjelögin, má eins búast við, að iðgjöld verði hækkuð aftur.

Brunabótarfjelag Íslands, sem er eina innlenda brunabótarfjlagið, mun ekki geta tekið að sjer allar tryggingar, enda heldur ekki fært um eitt að ráða upphæð iðgjalda, þar sem endurtryggingarfjelag að fjelög þess ráða mestu um ákvörðun iðgjalda.

Um líftryggingarfjelög er það að segja, að ekkert innlent fjelag er til, og sennilega á það nokkuð í land, að þessi trygging komist í innlendar hendur, en á meðan er hætt við að erlendu fjelögin reyndu að ná útsvarsgreiðslu sinni aftur með hækkuðum iðgjöldum. Hinsvegar er líftryggingin svo mikið þjóðhagslegt velferðarmál, að sjálfsagt virðist að vinna að því, að iðgjöld geti verið sem lægst, svo almenningi sje ekki ókleift að tryggja líf sitt.

Um slysatryggingar má segja hið sama og um líftryggingar, en um margskonar aðra tryggingarstarfsemi, svo sem bifreiðartryggingar, tryggingu gegn þjófnaði eða öðru tjóni o. s. frv., er nokkuð öðruvísi ástatt.

Þá er enn sjóváttryggingin og stendur þar öðruvísi á, þar sem öflugt innlent fjelag er fyrir. Mjer er að vísu ekki kunnugt um, hvort sjóváttryggingarfjelag Íslands er þess megnugt að takast á hendur allar sjóváttryggingar, en býst samt við, að ekki sje mjög hætt við að iðgjöld hækki, þótt erlendum fjelögum væri gert að skyldu að greiða hjer útsvar, ef innlenda fjelagið hækkaði ekki sín ið-

gjöld. Hvort sjóvátryggingarfélagið er færð um að ráða iðgjöldum er komið undir því, hvernig endurtryggingu þess er varið, en um það er mér ekki kunnugt.

Alþingi hefir nú til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum tekjuskattlaganna um það, hvernig ákveða skuli tekjuskatt erlendra vátryggingarféлага til ríkissjóðs, og í fljótu bragði virðist hagkvæmt að fara eftir sömu reglum við álagningu útsvars, verði það lögleitt, og þarf að rannsaka þetta atriði.

Í stuttu máli er það skoðun mín, að enda þótt það sje mjög æskilegt, t. d. fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur, að fá nokkra nýja útsvarsgjaldendur, þar sem eru erlend vátryggingarfélag, þá verði að fara varlega í því að svo stöddu að íþyngja fjelögunum með ótakmörkuðu útsvari, að minsta kosti brunabóta-, líftryggingar- og slysatryggingarfelögum.

Virðingarfyllt

K. Zimsen.

Til  
allsherjarnæfndar neðri deildar Alþingis.